

## 5. kafli

### Loftslagsbreytingar

JÁ NEI

Nokkrar spurningar:

1. Gætir þú útskýrt fyrir öðrum hvað gróðurhúsaáhrifin eru?
2. Getur þú nefnt dæmi um 10 loftslagsvænar aðgerðir sem þú gætir gert?
3. Getur þú farið með almenningsamgöngum (strætó eða öðru) í skólann?
4. Er sveitarfélagið þitt með sérstaka stefnu í loftslagsmálum?
5. Hefur þú val um loftslagsvænan mat í skólanum?
6. \_\_\_\_\_
7. \_\_\_\_\_
8. \_\_\_\_\_

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

#### Þú – Hvað getur þú gert?

- Kynnt þér loftslagsmálin vel
- Rætt loftslagsmál við foreldra og ættingja, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld
- Varið peningum þínum í umhverfisvænar vörur

#### Skólinn – Hvað getur skólinn gert?

- Boðið upp á umhverfisvænan mat í skólanum og gætt þess að sóa ekki matvælum
- Boðið nemendum upp á fjölbreytta fræðslu í loftslagsmálum
- Unnið stutt og stöðugt að því að gera skólann umhverfisvænni í samráði við nemendur

#### Stjórnvöld – Hvað geta stjórnvöld gert?

- Sett sér skýra stefnu í loftslagsmálum sem miðar að því að minnka mengun
- Látið þá sem menga, borga fyrir það og stutt við nýsköpunarfyrirtæki sem vinna að lausnum á loftslagsvánni
- Haft almenningsamgöngur og góða hjóla- og göngustíga aðgengilega í sveitarfélaginu og á milli sveitarfélaga, eins og hægt er